

Fimmtudaginn 23. október 1975.

Nr. 29/1974. **Börkur h/f**

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

gegn

Trésmiðju Þorkels Skúlasonar og gagnsök

(Sigurður Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 23. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. desember 1973. Útivistardómur gekk í því máli 2. desember 1974, og áfrýjaði gagnáfrýjandi málinu að nýju 10. s. m.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. febrúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda 25.000 krónur og til þrautavara 114.500 krónur, hvort tveggja með vöxtum eins og greinir í kröfugerð gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 466.132 krónur með 7% ársvöxtum af 414.500 krónum frá 19. júní 1970 til 17. febrúar 1972 og af 466.132 krónum frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómenndur sjó- og verslunardóms skoðuðu margsinnis flekavegg þann, sem í málinu greinir. Er það álit þeirra, að ójöfnuður á flekunum séu ekki slíkar, að lýtum valdi á húsi gagnáfrýjanda. Þessu hefur ekki verið hnekk, og verður það því lagt til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að aðaláfrýjandi verður eigi dæmdur til að greiða hluta matskostnaðar.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Það athugast, að formaður sjó- og verslunardóms kvaddi meðdómendur ekki til, þegar hann háði dómþing til að taka aðilja- og vitnaskýrslur. Er þetta andstætt ákvæðum 1. mgr. 205. gr. laga nr. 85/1936.

Í máli þessu hafa nokkrar vitnaskýrslur og aðiljaskýrslur verið teknar á segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja ekki efni skýrslanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Börkur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Trésmiðju Þorkels Skúlasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 22. maí 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, Kópavogi, höfðað fyrir hönd Trésmiðju Þorkels Skúlasonar, Nýbýlavegi 6, Kópavogi, á hendur Berki h/f, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 466.500 auk 1% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 414.500 frá 19. júní 1970 til greiðsludags og af kr. 51.632 frá 17. febrúar 1972 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara, að hann verði

einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.000 í bætur. En til þrautavara krefst stefndi þess, að dómkröfurnar verði stórlega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu, hernig sem málið fer.

Leitast hefur verið við að ná sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1966 til 1967 reisti stefnandi hús á lóðinni nr. 6 við Nýbýlaveg í Kópavogi. Á norðurhlið hússins var komið fyrir 16 einangrunarflekum. Flekarnir sjálfir voru smíðaðir í verkstæði stefnanda. Flekar þessir eru þannig gerðir, að þeir eru eins konar kassi úr 9 mm krossviði, sem myndar innra byrði, lóðréttta endafleti og lárétta hliðarfleti hvers fleka, og er honum síðan lokað með 3 mm litaðri asbest-sementsplötu (eternit-glasal), sem myndar ytra byrðið. Innanmál milli byrðanna var 8 cm, en lengd og breidd flekanna er 215 cm $\times$ 105 cm. Ekki voru flekar þessir teiknaðir eða smíðaðir í samráði við fyrirsvarsmenn stefnda. Hins vegar færði stefnandi flekana, eftir því sem þeir urðu til hjá honum, í verksmiðju stefnda, þar sem holrúm flekanna var fyllt með einangrunarefninu polyurethan-frauði. Áfylling flekanna í verksmiðju stefnda mun hafa átt sér stað á tímabilinu frá 27. ágúst til 6. september 1967. Við móttöku flekanna brá Þorkell Skúlason réttiskeið á þá. Kveður hann flekana þá hafa verið slétta eins og rúðugler. Veitti hann flekunum móttöku athugasemdalaust nema tveimur, sem eitthvað munu hafa aflagast við áfyllingu. Þeir voru lagfærðir af stefnda.

Reikning yfir þessa áfyllingu að fjárhæð kr. 15.600 greiðir stefnandi 6. september 1967.

Þegar flekarnir höfðu verið fylltir á framangreindan hátt, voru þeir felldir í norðurhlið útveggjargrindar hússins, sem gerð er úr tré og ryðfrýju stáli. Föls milli fleka og grindar eru þéttað með kitti. Flekarnir eru undir allri gluggaröð annarrar hæðar á norðurhlið hússins, er veit að götu.

Er stefnandi færði fleka þessa til áfyllingar hjá stefnda, voru þeir óhólfaðir með öllu.

Þáverandi verkstjóri stefnda, Gunnar Þór Þórhallsson, hefur borið, að hann hafi sagt við Þorkel Skúlason, er hann sá, að flekarnir voru óhólfaðir, að mjög væri hæpið að fylla á flekana, eins og þeir væru smíðaðir. Ef einhver árangur ætti að nást, yrði að hólfa þá, því að annars væri hætta á að gallar kæmu fram á þeim. Hafi Þorkell Skúlason talið, að ekki væri veruleg hætta

á slíku. Kvaðst Gunnar muna vel eftir þessu og eiginlega hafi allir þarna verið sammála um það, að hérna væri um tilraunastarfsemi að ræða. Gunnar kvaðst minnst þess, en þó ekki glögg, að hann hafi rætt við Gunnar Björnsson efnaverkfræðing, ráðunaut stefnda á þessum tíma, um hólfun á flekunum. Hafi komið fram, að hér væri um vandamál að ræða og að fullnægja þyrfti skilyrði um hólfun, til þess að þetta yrði í lagi.

Hann kvað réttstíð hafa verið brugið á flekana, þegar stefnandi sótti þá í verksmiðju stefnda. Minnti hann, að flekarnir hefðu yfirleitt ekki verið nákvæmlega sléttir, en Þorkell Skúlason hafi veitt þeim móttöku athugasemdalaust, utan einum eða tveimur flekum, sem lagfærðir hafi verið vegna þess, að efni hafi komist á milli ytra byrðis á flekunum og pressuplans.

Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur, tæknilegur ráðunautur stefnda, hluthafi og stjórnarmaður, hefur komið fyrir réttinn og borið, að það muni hafa verið fyrri hluta árs 1967, sem Þorkell Skúlason hafi komið að máli við sig út af fyrrgreindum einangrunarflekum og innt sig eftir því, hvort stefndi gæti fyllt þessa fleka með polyurethan-einangrun. Kvaðst Gunnar hafa svarað því játandi. Hins vegar kvaðst hann hafa brýnt það fyrir Þorkeli, að hann yrði að hafa samráð við starrfsmenn stefnda, þegar Þorkell færi í sjálfa smíðina á flekunum. Þetta hafi Þorkell ekki gert. Það næsta, sem Gunnar kvaðst hafa heyrt í þessu máli, hafi verið það, að verkstjóri stefnda, Gunnar Þór Þórhallsson, hafi hringt í sig og sagt sér eitthvað á þá leið, að nú væru flekarnir komnir frá Þorkeli og þeir væru lokaðir, en ekki hólfaðir. Það, sem þarna hafi farið á milli mála, hafi verið það, að Þorkell hafi ekki haft samband við sig aftur, fyrr en hann hafi verið búinn að smíða flekana. Þetta kvað Gunnar K. Björnsson skipta meginmáli í sambandi við áfyllingu á flekana, vegna þess að hugmynd sín hafi verið sú að kljúfa flekana niður í æði mörg hólf með milligerðum úr einangrunarefni, það hefði hentað betur fyrir þá framleiðsluaðferð, sem stefndi hafi getað notað í umrætt sinn. Með þeirri aðferð, sem hann hafi hugsað sér, hafi þeir getað í svokallaðri lóðrétti pressu fyllt hvert hólf og ólagskipt út af fyrir sig. Hins vegar hafi flekarnir verið komnir þarna á staðinn óhólfaðir og þeir hafi þurft að hafa flekana í þessari sömu pressu. Boruð hafi verið nokkur göt á efri kantinn á flekunum og einangrunarefninu síðan verið rennt fljótandi niður í flekana, þar sem þennsla og „reaksjón“ fari fram. En þar sem flekarnir voru óhólfaðir, hafi orðið að fylla þá í láréttum lögum og setja

fyrst skammt í öll götin, sem hafi þýtt það, að efnið þandi sig upp í tiltekna hæð neðst í flekanum. Síðan, eftir ákveðinn tíma, sennilega um það bil hálf tíma, hafi verið hægt að fylla á aftur og síðan koll af kolli, þangað til flekinn var orðinn fullur. Þetta sé í meginatriðum allt önnur aðferð heldur en hafi verið ráðgerð.

Í framangreindu símtali sínu við verkstjóránn segir Gunnar, að þeir hafi rætt, hvað væri til ráða í þessu máli. Kveðst Gunnar muna það rétt, að það hafi orðið úr, að fyrst Þorkell Skúlason væri búinn að smíða flekana og kominn með þá í verksmiðju stefnda, þá hafi þeir ákveðið að gefa Þorkeli kost á því að fá flekana fyllta á eigin ábyrgð. Vegna fyrri aðferðar við fyllingu flekanna, sem nú hefur verið lýst, hafi verið lögð áhersla á það strax að láta Þorkel Skúlason grannskoða flekana og taka þá út og samþykkja, að þeir væru góðir, nógu sléttir. Þetta muni Þorkell Skúlason hafa gert með réttsskeið.

Þorkell Skúlason hefur komið fyrir réttinn og borið, að þeir Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur hafi spjallað um það, hvernig gera skyldi flekana, áður en Þorkell hóf smíði þeirra. Hafi Gunnar aldrei nefnt það við sig, að setja ætti hólfa í flekana, og það hafi ekki verið fyrr en tveimur árum seinna, að farið var að hólfa fleka. Hafi það verið í sambandi við 14 frystihurðir.

Þorkell Skúlason kvaðst ekki muna það nákvæmlega, hvort Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur hafi beðið sig um að hafa samband við sig, áður en hann hæfi smíði flekanna. Þorkell kvaðst muna „voða“ lítið eftir því, hvað þeim Gunnari Þór Þórhallssyni, þáverandi verkstjóra stefnda, hafi farið á milli, þegar Þorkell kom með flekana. Hann kvaðst muna eftir því, að þeir hafi borið réttsskeið á flekana og hafi þeir allir verið ágætir nema einn, sem hafi verið yfirpressaður, og annar fleki, sem asbestplatan hafi brotnað á. Þorkell kvaðst alls ekki muna eftir því, að Gunnar Þór Þórhallsson, verkstjóri stefnda, hafi haft orð á því við sig, að flekarnir væru óhólfaðir. Þorkell Skúlason sagði, að flekarnir hefðu verið sléttir eins og rúðugler, er hann veitti þeim viðtöku í upphafi. Þegar veturinn var liðinn, hafi tekið að bera á dældum í flekunum. Vorið 1968 kvaðst Þorkell hafa kvartað munnlega út af þessu við Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðing og Runólf Halldórsson, framkvæmdastjóra stefnda. Hafi Runólfur strax tekið vel í að bæta þetta, og kvaðst Þorkell hafa skilið það svo, að honum yrði bætt þetta að kostnaðarlausu, með því að það yrði endurnýjað, sem endurnýjunar þyrfti við. Kvað Þorkell bæði þá Runólf og Gunnar K. Björnsson

hafa viðurkennt munnlega skaðabótaskyldu stefnda í þessu máli gagnvart stefnanda.

Runólfur Halldórsson hefur borið, að skaðabótaskylda Barkar h/f í þessu máli hafi aldrei verið viðurkennd og aldrei hafi af hálfu stefnda verið boðin fram bótagreiðsla til stefnanda. Hins vegar hafi af hálfu stefnda verið boðið, án skyldu, til þess að gera viðskiptavininn ánægðan að fylla á þrjá fleka upp á nýtt, og kvaðst Runólfur telja, að stefndi mundi eigi hafa gert stefnanda reikning fyrir það.

Runólfur kvaðst ekki muna það nákvæmlega, hvenær stefnandi hafi fyrst kvartað út af flekunum, en verið gæti, að það hafi verið vorið 1968, eða jafnvel fyrr. Þá hafi stefnandi fyrst og fremst kvartað undan því, að flekarnir mundu ekki hafa nægilegt einangrunargildi, hins vegar hafi kvörtun út af útlitslýtum á flekunum ekki komið fram af hálfu stefnanda fyrr en síðar.

Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur hefur borið, að af hálfu stefnda hafi skaðabótaskylda aldrei verið viðurkennd gagnvart stefnanda vegna þessarra fleka, og Gunnar kveður það á misstilningi byggt, er stefnandi heldur því fram, að Gunnar hafi boðið fram 25.000 króna skaðabætur. Gunnar taldi stefnanda fyrst hafa kvartað út af flekunum einhvern tíma á árinu 1968. Þá hafi stefnandi kvartað undan því, að einangrunin væri ónýt, en ekkert talað um sléttleika flekanna.

Stefnandi hefur ritað stefnda þrjú kvörtunarbréf, sem dagsett eru 26. september 1968, 31. desember 1968 og 5. febrúar 1969. Í þessum bréfum krefur hann stefnda bóta á framangreindum göllum, og í síðasta bréfinu býður hann stefnda að ljúka málinu með því að greiða sér kr. 25.000, „sem er kostnaður nýrra samskonar ytri spjalda skorin á stærð“. Í niðurlagi bréfsins tekur stefnandi fram, að þetta tilboð sé ekki skuldbindandi fyrir sig lengur en til mánaðamóta febrúar—mars 1969. Að þeim tíma liðnum muni hann höfða mál og byggja kröfugerð sína á matsgerð.

Af hálfu stefnda var engu þessara bréfa svarað skriflega.

Með bréfi til bæjarfógetans í Kópavogi, dagsettu 19. júní 1970, beiðist stefnandi dómkvaðningar tveggja matsmanna til að láta í ljós álit sitt á eftirtöldum atriðum:

„1. Hvort hægt sé á einhvern hátt að ganga svo frá þessum flekum, að þeir geti verið til frambúðar með sem minnstum lagfæringum og í því sambandi lýsi þeir, hvernig verkið skuli unnið, svo og meti þeir til peningaverðmætis, hve mikill kostnaðurinn verði.

2. Verði það skoðun hinna dómkvöddu matsmanna, að rífa þurfi flekana frá og fylla þá að nýju með poly-urethan-frauð-plasti og sett ný asbestplata, að þá áætli þeir tjónið til peninga-verðs og taki fullt tillit til alls kostnaðar í því sambandi, svo sem gerð stillansa, flutning á flekum og allan kostnað við ísetningu“.

Dómkvaddir matsmenn, þeir Guðmundur Magnússon bygginga-verkfræðingur og Óskar Mariússon efnaverkfræðingur, hafa skil-að matsgerð, sem dagsett er 10. febrúar 1972. Hér er um ítarlega matsgerð að ræða, og fylgir henni rannsóknarskýrsla frá Rann-sóknastofnun byggingariðnaðarins, dagsett 20. júlí 1971, undir-rituð af doktor Guðmundi Guðmundssyni. Í matsgerð hinna dóm-kvöddu manna segir meðal annars á þessa leið:

„1. Einangrunargildi.

Niðurstöður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins skv. skýrslu, dags. 20. júlí 1971, leiddi í ljós, að einangrunargildi flek-anna verður að teljast fullnægjandi.

Einangrunin fullnægir ákvæðum byggingarsamþykktar um einangrun útveggja ($k = 0,7$, sbr. byggingarsamþykkt fyrir Kópa-vogskaupstað, gr. 13.1).

Einangrunargildið er innan þeirra marka, sem vænta má um veggjareiningu af þeirri gerð, sem hér um ræðir, jafnvel miðað við, að upphafleg þykkt polyurethanfrauðsins hefði haldist óskert, sbr. eftirfarandi útreikninga: „Praktisk“ varmaleiðnitala fyrir freonþanið polyurethanfrauð er talin vera (sbr. t. d. „Regler for bygningers varmetab“, DIF frá 1965): $\lambda = 0,03$.

Eðlileg kólnunartala fyrir fleka af umræddri gerð með 8 cm polyurethanlagi fæst skv. því:

$$\frac{1}{k} = 0,20 + \frac{0,03}{0,6} + \frac{0,08}{0,03} + \frac{0,009}{0,20} = 2,92$$

$$k = \frac{1}{2,92} = 0,34 \text{ kcal/hm}^2 \text{ } ^\circ\text{C}$$

Sé reiknað með, að þykkt einangrunar í mælistað flekans, sem tekinn var til rannsóknar, hafi verið 6,5 cm (skv. mælingum voru mestu frávik 1,5 og 0,5 cm, þannig að 6,5 cm er öryggismegin), fæst varmaleiðnitala (λ — gildi) polyurethansins í flekanum:

$$\lambda = \frac{0,065}{\frac{1}{0,36} - 0,20 - \frac{0,003}{0,6} - \frac{0,009}{0,20}} = 0,0257 \text{ kval/mh } ^\circ\text{C}$$

Sé reiknað með, að meðalrýrnun einangrunar flekans hafi verið 1 cm, verður kólnunartalan, miðað við þetta, λ — gildi:

$$\frac{1}{k} = 0,25 + \frac{0,07}{0,0257} = 0,297$$

$$k = 0,337 = 0,34$$

b. e. hið sama og áður var reiknað fyrir 8 cm einangrun með „praktisku“ λ — gildi.

2. Hætta á frekari rýrnun.

Varðandi hættu á frekari rýrnun einangrunarinnar, sem minnst er á í matsbeiðni og bent á sem hugsanlega í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, dags. 15. des. 1969, eru matsmenn sammála um eftirfarandi: Mælingar þær, sem gerðar hafa verið með alllöngu millibili á dældum í flekabyrðunum, gefa til kynna, að rýrnunin sé stöðvuð.

Allar líkur benda til, að samband sé milli rýrnunar einangrunarinnar og þeirra lagskipta, er í ljós komu í urethanfrauðinu. Ástæða er til að ætla, að þau lög, sem óþéttari eru og þannig með lægri rúmþyngd, hafi ekki verið nægilega sterk til að standast þann undirþrýsting, sem verður í frauðinu, þegar hluti þenslu-efnisins (freonsins) þéttist að þenslu lokinni. Rýrnun, sem af þessu stafar, ætti jafnframt að stöðvast, svo sem mælingar staðfesta.

3. Útlit.

Það er samdóma álit matsmanna, að um útlitsgalla sé að ræða, þar sem er margnefnd bungun ytra byrðis flekana. Það fer að sjálfsögðu nokkuð eftir birtu, hve áberandi gallinn er.

4. Tillögur um úrbætur skv. fyrirspurnum í matsbeiðni.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum um einangrunargildi og hættu á frekari rýrnun er það samdóma álit matsmanna, að ekki sé þörf á að endurnýja polyurethan-frauðplast flekana.

Til þess að bæta úr umræddum útlitsgalla þarf að setja nýtt byrði úr eternit-glasal utan á flekana. Til þess þarf að losa hvern fleka úr útveggjargrindinni. Ný eternit-glasal-plata er síðan lögð í kítta í falsið og flekinn síðar lagður í kítta innan á hana og festur með lista við trúppistöður eins og áður.

Við framkvæmd verksins mun þurfa að reisa vinnupalla við norðurhlið hússins.

5. Kostnaðarmat.

Við höfum í samræmi við matsbeiðni metið til peningaverðs

framangreindar viðgerðir og teljum heildarkostnað við þær hæfilega metinn á kr. 114.500.00 — eittundraðogfjórtánþúsundogfimmhundruð krónur.

Heildarkostnaður þessi sundurliðast sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| 1) Nýjar eternit-glasal-plötur (efni) | kr. 32.900.00 |
| 2) Kostnaður vegna vinnupalla (efni og vinna) — | 12.000.00 |
| 3) Vinna áður ótilgreind, þar með talin frátekn-
ing og endurtenging ofna og raflagna, svo og
málun ásamt tilheyrandi efni áður ótil-
greindu | — 65.600.00 |
| 4) Viðbótarkostnaður vegna nýs fleka í stað
þess, sem skemmdist við rannsókn | — 4.000.00 |

Kr. 114.500.00“.

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína og gefið svör við ýmsum spurningum, sem til þeirra var beint. Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Kostnaður samkvæmt matsgerð | kr. 114.500 |
| 2. Matskostnaður | — 51.632 |
| 3. Bætur vegna vanmetinna útlitsgalla | — 150.000 |
| 4. Skaðabætur vegna margvíslegra óþæginda | — 150.000 |

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hér hafi verið um gallaða vöru að ræða, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. Stefnandi hafi þegar í stað kvartað og hann varð gallanna var. Samninga-viðræður við forráðamenn stefnda hafi engan árangur borið. Því hafi stefnandi fengið dómkvadda matsmenn til þess að meta gallana til fjár og krafa hans á hendur stefnda sé hvorki fyrnd né heldur fallin niður fyrir tómlæti. Stefnandi bendir sérstaklega á það, að hann krefur 150.000 króna bóta vegna ómetinna útlitsgalla, þar sem augljóst sé, að þrátt fyrir þær viðgerðir, sem matsmenn leggi til, að gerðar verði, þá verði um að ræða veruleg og varanleg lýti á útliti hússins. Að lokum telur stefnandi, að hann hafi orðið fyrir tjóni og margvíslegum óþægindum vegna hinna framkomnu galla á gæðum verks og vöru frá stefnda, sem meðal annars hafi leitt til þess, að eigi hafi verið unnt að leigja út húsið um eins árs skeið. Fyrir þetta krefur stefnandi 150.000 króna skaðabóta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að krafa stefn-

anda sé fyrnd. Verk það, sem stefnandi byggir bótakröfu sína á, hafi verið unnið í verksmiðju stefnda fyrir 6. september 1967, en þann dag hafi verið skrifaður reikningur á stefnanda að fjárhæð kr. 15.600, sem stefnandi hafi greitt án fyrirvara. Stefna í máli þessu sé hins vegar gefin út 2. mars 1972 og málið þingfest 17. mars 1972.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann hvorki haft hönnun flekanna á hendi og ekkert samráð hafi verið haft við hann um gerð þeirra. Stefnandi hafi komið með flekana fullbúna í verksmiðju stefnda og hafi stefndi einungis séð um að fylla þá með polyurethan-einangrunarefni. Hins vegar ráði gerð flekanna mestu, einkum innri gerð þeirra, hvernig yfirborð þeirra verður. Flekarnir hafi verið gerðir úr trérömmum, sem háðir séu talsverðum breytingum, og ekkert hafi verið gert til að verja þá rakaflæði úr húsinu og orsakir breytinga á yfirborði flekanna geti legið í því. Þá hafi flekarnir ekki verið hólfaðir og því hafi þurft að fylla á þá í áföngum. Stefnanda hafi verið bent á, að þetta gæti verið áhættusamt, en hann viljað taka áhættuna, enda hafi verk þetta verið unnið á hans ábyrgð.

Stefndi hafi einungis lagt til einangrunarefni í flekana, en enga ábyrgð tekið á flekunum að öðru leyti, enda hafi stefnandi tekið við þeim athugasemdalaust, þó að útlitsgallar væru komnir fram, þegar afhending átti sér stað. Þá bendir stefndi á það, að flekarnir hafi verið framleiddir í áföngum og hefði því stefnandi getað komið fram kvörtunum strax og stöðvað frekari framleiðslu, ef hann hefði haft í huga að bera fyrir sig útlitsgalla. Það sé ljóst af matsgerð, að einangrunargildi flekanna sé ekki ábótavant, hins vegar telji matsmenn, að um útlitsgalla sé að ræða, en láti ómælt um það, hverjar séu orsakir þeirra. Mótmælir stefndi því sérstaklega, að hann beri nokkra ábyrgð á framangreindum útlitsgöllum, enda hafi hann ekki framleitt flekana.

Af matsbeiðni verði heldur ekki séð, að stefnandi hafi haft í huga útlitsgalla, er hann beiddist mats, en hann hafi hreyft því atriði á fundi með matsmönnum 11. janúar 1972.

Mótmælir stefndi því, að nokkuð sé fram komið í matsgerð eða öðrum skjölum, er sanni, að útlitsgallar verði raktir til þáttar stefnda í gerð flekanna.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að með bréfi, dagsettu 5. febrúar 1969, hafi stefnandi boðið stefnda að ljúka máli þessu með 25.000 króna greiðslu.

Til þrautavara krefst stefndi stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Mótmælir stefndi kröfufjárhæðum öllum sem of háum, og kröfum um bætur vegna vanmetinna útlitsgalla, kr. 150.000, og vegna margvíslegra óþæginda, kr. 150.000, mótmælir stefndi algerlega sem órókstuddum. Að endingu mótmælir stefndi vaxta-kröfunni sem of hárrí.

Að lokum heldur stefndi því fram, að af hans hálfu hafi bótaskylda aldrei verið viðurkennd í þessu máli. Komist rétturinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að stefndi hafi verið bótaskyldur vegna flekanna, þá sé sú krafa löngu niður fallin sakir tómlætis stefnanda.

Niðurstaða dómsins.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað flekana. Var það í sólarlausu veðri, og gátu dómendur þá ekki komið auga á neinar ójöfnur á flekunum. Síðan hafa dómendur farið margsinnis á vettvang til þess að skoða flekana í sólskini á ýmsum tímum dagsins. Svo sem rakið er í upphafi dómsins, er flekum þessum komið fyrir á norðurhlið hússins. Á þeirri hlið nýtur ekki sólar frá því um klukkan 0800 að morgni til um klukkan 1900 að kvöldi. Aðeins þegar sólargeislarnir falla á flekana undir skörpu horni, þ. e. rétt áður en þeir hverfa af hliðinni á morgnana og rétt eftir að þeir byrja aftur að falla á hliðina að kvöldi, má merkja skugga á flekunum, er gefur til kynna, að þeir séu ekki alveg sléttir. Þessir skuggar hverfa þó um leið og sólargeislarnir taka að falla undir gleiðara horni á hliðina, og eftir það ber ekki á ójöfnum á flekunum. Ójöfnur þessar eru því það smávægilegar, að rétturinn getur ekki fallist á það, að stefnandi eigi af þeim sökum bótarétt á hendur stefnda, enda er ekki í ljós leitt, að stefndi hafi ábyrgst stefnanda, að flekarnir yrðu algerlega sléttir, og enn fremur ber að hafa það í huga, að einangrunargildi flekanna er fullnægjandi samkvæmt framangreindri matsgerð.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi á að vera sýkn af bótaskröfum stefnanda í máli þessu.

Með tilliti til þess, að veruleg vafaatriði eru í máli þessu, þykir rétt með heimild í 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði að skipta málskostnaði þannig, að stefndi greiði stefnanda helming matskostnaðar, þ. e. kr. 25.816, en að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

meðdómendunum Bjarna Steingrímssyni efnafræðingi og Braga Árnasyni efnafræðingi.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögu dóms þessa, stafar af því, að sólskinið lét bíða eftir sér, en dómendur vildu skoða flekana sem best og við hinar breytilegustu aðstæður, áður en þeir lykju dómi á málið.

Dómsorð:

Stefndi, Börkur h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Trésmiðju Þorkels Skúlasonar, í máli þess að öðru leyti en því, að stefndi skal greiða stefnanda kr. 25.816 upp í matskostnað.

Málskostnað á að öðru leyti að fella niður í máli þessu. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1975.

Nr. 134/1973. Ólafur H. Pálsson, eigandi Hamrakots,
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Þormóði Sigurgeirssyni, eiganda Orrastaða
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Landamerkjамál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1973. Krefst hann þess, að norðvestur-landamerkjum Hamrakots, þar sem þau liggja að landi Orrastaða, ráði sjónhending frá punkti B á uppdrætti Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings frá 13. maí 1975 í Skörpu-brún í Hurðabakslandi, þar til sú lína sker Deildarlæk í